

## Peningamál 2020/1<sup>1</sup>

Hagvaxtarhorfur í heiminum hafa lítið breyst frá nóvemberspá *Peningamála*. Þrátt fyrir vaxandi áhyggjur af áhrifum útbreiðslu nýrrar veirusýkingar í Kína hefur óvissa um alþjóðlegar efnahags-horfur minnkað frá því í nóvember og minni líkur eru á að alþjóðlegur hagvöxtur gefi enn frekar eftir. Þar vegur þungt nýlegt áfangasamkomulag í viðskiptadeilu Bandaríkjanna og Kína sem dregur úr líkum á að deilan magnist enn frekar með alvarlegum afleiðingum fyrir heimsbúskapinn.

Snapur viðsnúningur varð í efnahagsmálum hér á landi í fyrra með falli flugfélagsins WOW Air og frekari áföllum í fluggeiranum, loðnubresti og rýrnun viðskiptakjara. Hagvöxtur gaf verulega eftir og mældist einungis 0,2% á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Hann var þó meiri en áætlað hafði verið í nóvember sl. en þá var gert ráð fyrir 0,1% samdrætti. Hraðari vöxtur efnahagssumsvifa á fyrstu þremur fjórðungum ársins, ásamt vísbendingum um meiri vöxt einkaneyslu og hagstæðari utanríkisviðskipti á síðasta fjórðungi ársins, gera það að verkum að hagvaxtarhorfur fyrir árið í heild batna frá því í nóvember. Nú er talið að hagvöxtur í fyrra hafi verið 0,6% í stað 0,2% samdráttar.

Hagvaxtarhorfur fyrir þetta og næsta ár hafa hins vegar versnað. Í stað þess að aukast lítillega er nú útlit fyrir að útflutningur vöru og þjónustu dragist saman í ár og yrði það í fyrsta sinn frá því snemma á tíunda áratug síðustu aldar sem útflutningur dregst saman tvö ár í röð. Hægari bati í ferðaþjónustu, framleiðsluhnökrar í áliðnaði og loðnubrestur annað árið í röð vega þar þungt. Þá hækkaði álag á vexti fyrirtækjalána nokkuð undir lok síðasta árs sem veldur því að nú er talið að atvinnuvegafjárfesting aukist hægar í ár og á næsta ári en áður var spáð. Talið er að hagvöxtur í ár verði einungis 0,8% en í nóvember var spáð 1,6% vexti. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur taki við sér á næsta ári og verði 2,4% en það er þó 0,5 prósentum minni vöxtur en spáð var í nóvember. Horfur fyrir árið 2022 breytast hins vegar lítið.

Atvinnuleysi hefur aukist töluvert frá því á sama tíma í fyrra og er talið að það haldi áfram að aukast fram eftir ári og verði liðlega 4% að meðaltali í ár og á næsta ári. Það er meira atvinnuleysi en spáð var í nóvember og það hjaðnar seinna en þá var talið. Horfur eru því á að slakinn í þjóðarþjónu vari lengur en áður var talið.

Eins og gert hafði verið ráð fyrir í nóvember hélt verðbólga áfram að hjaðna undir lok síðasta árs og mældist 2,5% á fjórða fjórðungi síðasta árs. Hún minnkaði áfram í janúar sl. í 1,7% og er útlit fyrir að hún haldist undir verðbólgu markmiðinu á spátímanum en taki að þokast upp í það undir lok hans. Verðbólga verður því minni á meginhluta spátímans en spáð var í nóvember enda talið að slakinn í þjóðarþjónu verði þrálátari en þá var gert ráð fyrir.

1. Greiningin sem hér birtist byggist á mati bankans á þróun efnahagsmála frá útgáfu *Peningamála* 2019/4 í nóvember sl. og þeirri uppfærðu spá sem hér er birt. Hún er byggð á gögnum sem lágu fyrir í lok janúar. Áhættumat uppfærðrar spár byggist á áhættumati nóvemberspárinnar.